

13.6.2023 Brunahönnun fyrir Strandgötu 90, Hafnarfirði

**BRUNAVARNIR**  
Eftirlitandi brunahönnun og brunavarnarskýrsla er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 23-075) í júní 2023 fyrir veislusal í Strandgötu 90, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður b. Ekki er um að ræða frekari brunavarnarskýrslu.

**Flokkun og notkun byggingar**  
Húsnæðið er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða veislusal í norðurhluta hússins (mhl2).

**Brunahöfnnun**  
Veislusalurinn ásamt stóðrymum er eitt meginbrunahöf og eitt brunahöf, um 300 m<sup>2</sup>.

**Burðarvirki**  
Brunamóstaða aðalburðarvirka er talin vera a.m.k. R90 (steinsteyp burðarvirki). Brunamóstaða aðalburðarvirkis þaks er talin vera a.m.k. R30 (timburburðarvirki).

**Klæðningar**  
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501. Innanhúsklæðningar eru víðast hvar í flokki 1 (K10 B,s1-d0). Innanhúsklæðningar eru sums staðar í flokki 2 (K10 D,s2-d0) sem og allar loftklæðningar (upprunaleg gömul timburborð í þaki). Frávik og tækniskipti: Misturkerfi er komið fyrir í salnum og eru tækniskipti vegna klæðninga í lofti og hluta veggja. Gólfenni eru í flokki C (Dfl-s1). Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-d0). Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

**Flóttaleiðir**  
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang. Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá salnum beint út. Gerft er ráð fyrir mest allt að 155 gestum í salnum. Setja þarf upp skili við inngang sem tilgreinir hámarksfjölda gesta þar sem stærð salarins leyfir í raun mun meiri fjölda. Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad" skv. ÍST EN 179.

**Brunaviðvörnarkerfi**  
Viðurkennt númerað brunaviðvörnarkerfi er í veislusalnum skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórstoð og yfirlitsmynd er við inngang.

**Loftræsikerfi**  
Ekki er reiknað með að loftræsikerfi fari á milli brunahöfna.




**Slökkvikerfi**  
Sett verður upp misturkerfi í áhættuflokki OH1 í salinn sem tækniskipti vegna klæðninga í flokki 2 í lofti og hlut veggja. Kerfið verður hannað skv. ÍST EN 14972-1.. Nánari forsendur eru í sérhönnun kerfisins.

**Reyklosun**  
Reykkræsing er almennt um glugga og hurðir.

**Slökkvitæki**  
Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum, t.d. 6 L létvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

**Út- og neyðarlýsing**  
Út- og neyðarlýsing er salnum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Neyðarlýsing er 5 lux yfir slökkvitækjum og handboðum. Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er í salnum og salernum fatlaðra. Útjós verða við útganga hússins.

Brunahönnun slf.  
Sími 662-5990 | Hlíðasmári 19 | brunahonnun@brunahonnun.com | www.brunahonnun.com



shs 5.07.2023

**STRANDGATA 90, HAFNARFIRÐI**  
Landn. 122438, Matshluti 02

Höfundur er ókunnur. Húsið er iðnaðar- og vörugleymsla á tveimur hæðum, byggt 1944-1992. Húsið matshluti 02 er steinsteyp, útveggir milli Mhl. 01 og 02 eru REI90. Þak er hefðbundin bárujárn á pappklæddri borðaklæðningu ofan á burðarvirki úr timbri.

**Breytingar**  
Óskað er eftir leyfi fyrir veislusal Flokkuri II, tegund f í Matshluta 02. Hann er um 150 m<sup>2</sup> Opnunartíminn er til 23:00 á virkum dögum, en til 01:00 á föstudögum og laugardögum.

Engin matur er framleiddur í húsnæðinu. Reiknað er með allt að 55 gestum og starfsmenn séu 3-4. Fjöldi snyrtinga uppfylla þann fjölda gesta.

<b>+Arkitektar</b>		
STRANDGATA 90	Reykjavík	dags. 28.6.2023
		mkv. 1:100, 1:1
		teikn. HI
		verkr. 230X

GRUNNMYND 1.HÆÐAR 1:100

Grunnmynd

1:100